

## Ósk Sigurðardóttir

Mig minnir að það hafi verið árið 1995 að ég fór á námskynningu í Háskóla Íslands, en þar var m.a verið að kynna iðjupjálfun. Mér leist strax vel á og fór eftir þetta til námsráðgjafa í áhugasviðspróf og fékk þar staðfestingu á að iðjupjálfun væri eitthvað fyrir mig. Eftir stúdentspróf langaði mig ekki að fara beint í Háskóla og sótti ég því um starf sem aðstoðarmaður iðjupjálfa á Reykjavík og byrjaði í janúar 1996. Ég varð svakalega hrifin, fékk þarna að vinna með fólk sem ég hef alltaf haft unun af, fékk að vera og nota kreatívar leiðir í vinnu með skjólstæðingum og auðvitað vinna með alveg frábærum iðjupjálfum. Leiðin lá svo til Danmerkur í nám og ég var aldrei í vafa um að ég hafði tekið rétta ákvörðun og var einstaklega ánægð með námið.



Árið 2000 eftir útskrift fékk ég vinnu á fullorðinsgeðdeild á Ribe Amt sygehus á Jótlandi. Ég vann þar fyrst á lokaðri geðdeild, og svo á sérhæfðri átröskunardeild í eitt ár. En svo kom að því að Ísland kallaði og fékk ég boð um vinnu á Barna-og unglingageðdeild LSH þar sem ég hef verið síðan, með smá pásu, en ég flutti til Spánar til að fara í frekara nám. Ég hef einnig sérmenntað mig í reynslunámi (ævintýrameðferð) sem tengist hugmyndafræði iðjupjálfunar einstaklega vel.

Í dag er ég í ótal skemmtilegum verkefnum og rannsóknum og hef fengið tækifæri til að þroa ný meðferðarúrræði í þverfaglegu starfi. Ég hef einnig verið sjálfstætt starfandi iðjupjálfni frá árinu 2002 og er með regluleg námskeið fyrir ýmsa hópa, skóla, stofnanir og fyrtækni.

Ég hef ávallt verið mjög stoltt af því að vera iðjupjálfni og hef eftir bestu getu reynt að miðla af þekkingu minni og reynslu til samfélagsins. Ég hef einnig tekið þátt í hinu ýmsu nefndum, m.a samstarfsnefnd LSH og hef frá árinu 2009 verið í stjórn iðjupjálfafélagsins sem hefur verið bæði gefandi og fræðandi.

Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér, en ég er mjög bjartsýn og veit að sem iðjupjálfni verð ég ekki í nokkrum vandræðum með fjölbreytileg verkefni á mismunandi starfsvettvangi í framtíðinni.